

Ákvörðun nr. 25/2021
Föstudagur, 2. júlí 2021

Kaup Haga hf. á 49% hlut í Djús ehf.

1. Þann 28. maí 2021 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Haga hf. (hér eftir „Hagar“) á 49% hlutafjár í Djús ehf. (hér eftir „Djús“). Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og byrjuðu frestir til rannsóknar á samrunanum að líða 31. maí 2021. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá og leitaði upplýsinga í símtölum við keppinauta félaganna.
2. Eftir kaup Haga á 49% hlut í Djús munu aðrir eigendur Djúss vera Spicy ehf. (hér eftir „Spicy“), Foss fjármál ehf. (hér eftir „Foss“) og Málaraверktakar ehf. (hér eftir „Málaraверktakar“). Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá er starfsemi samrunaaðila eftirfarandi:
 - a) Hagar er verslunarfyrirtæki sem starfar á íslenskum matvöru-, sérvöru- og eldsneytismarkaði. Hagar starfrækja 38 matvöruverslanir, 26 Olís þjónustustöðvar, 43 ÓB-eldsneytisstöðvar, eina birgðaverslun, þrjár sérvöruverslanir, tvö vöruhús og tvær framleiðslustöðvar. Kjarnastarfsemi Haga er á sviði matvöru og tengdra vöruhúsa, auk eldsneytissölu. Fyrirtæki Haga eru starfrækt í fimm dótturfélögum sem öll eru rekin sem sjálfstæðar rekstrareiningar og hafa ólík rekstrarform og menningu.
 - Bónus og Hagkaup eru tvær af stærstu verslunarkedjum landsins og vöruhúsið Aðföng sinnir stoðþjónustu við matvörukeðjurnar.
 - Útilíf, sem nú hefur verið selt úr samstæðu Haga, er smásölufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu á íþrótt- og útivistarvörum.
 - Olís sérhæfir sig í sölu og þjónustu með eldsneyti. Olís rekur einnig verslunina Rekstrarland. Mjöll Frigg er dótturfélag Olís og sérhæfir sig í hreinlætisvörum.
 - Bananar ehf. sinna dreifingu á fersku grænmeti og ávöxtum á Íslandi.
 - Noron ehf. rekur tískuvöruverslunina Zara í Smáralind.
 - b) Djús er félag sem rekur veitingastarfsemi undir vörumerkinu Lemon. Félagið opnaði fyrsta Lemon staðinn í mars 2013 og í dag rekur félagið þrjá veitingastaði Lemon á höfuðborgarsvæðinu, þar sem aðallega eru seldar samlokur og ferskir djúsar. Þá er félagið auk þess með nytjaleyfissamninga um rekstur veitingastaða undir vörumerki Lemon fyrir utan höfuðborgarsvæðið, tvo staði á Akureyri, einn á Húsavík og einn á Sauðárkróki.
 - c) Tilgangur Spicy er eignarhald á fyrirtækjum, eignarhald á hlutabréfum og fjárfesting í hlutafé fyrirtækja. Enginn rekstur hefur verið í félaginu sjálfu en félagið hefur átt hlut í Djús.



- d) Foss sinnir fjármála- og rekstrarráðgjöf til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Félagið fæst einnig við fjárfestingar í hlutabréfum ásamt því að sinna lánveitingum til fyrirtækja.
- e) Tilgangur Málaraверktaka er verktakastarfsemi og tengdur rekstur, kaup og sala verðbréfa og rekstur fasteigna.
3. Að mati samrunaaðila er ekkert félag innan samstæðu Haga sem selur eða framleiðir sambærilegar vörur á borð við þær sem seldar eru undir vörumerkinu Lemon. Í samrunaskrá segir að á Lemon séu aðallega seldar samlokur og ferskir djúsar, sem hvort tveggja sé handgert hverju sinni á staðnum meðan beðið sé, úr fersku hráefni og framreitt til að taka með eða neyta á veitingastaðnum. Á Lemon sé einnig hægt að fá vefjur, salöt, hafragraut, orkuskot og kaffi, allt útbúið á staðnum jafnóðum og afhent ferskt. Að mati samrunaaðila starfi félagið Djús á markaði fyrir rekstur veitinga- og skyndibitastaða.¹ Telji samrunaaðilar ekki þörf á að skilgreina markaðinn fyrir veitinga- og skyndibitastaði í sérstaka undirmarkaði. Þær vörur sem afgreiðslustöðvar Olís og verslanir Bónuss og Hagkaupa selji, þ.e. samlokur og safar í hefðbundnum neytendapakningum sem ekki séu ætlaðar til neyslu á staðnum, séu að mati samrunaaðila ekki í samkeppni við vörur sem Djús selji undir vörumerkinu Lemon. Afgreiðslustöðvar Olís selji pylsur og hamborgara, m.a. undir merkinu Grill 66, en teljist ekki starfa á markaði fyrir rekstur veitinga- og skyndibitastaða samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 29/2020, *Kaup N1 ehf. á rekstri og eignum fjögurra veitingastaða Skyrboozt ehf.* Að mati samrunaaðila sé landfræðilegur markaður málsins annars vegar höfuðborgarsvæðið og hins vegar annað hvort Norðurland eða þeir kaupstaðir sem um ræði, þ.e. Húsavík, Akureyri og Sauðárkrókur.
4. Í samrunaskrá kemur jafnframt fram að Djús hafi að mestu keypt ávexti og grænmeti af Mata í heildsölu og nýtt í rekstri veitingastaða Lemon. Á undanförunum mánuðum hafi Djús að hluta til aflað félaginu grænmetis og ávaxta með viðskiptum við Banana, sem tilheyrir samstæðu Haga. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 38/2002, *Samningur Baugs Group hf. og Eignarhaldsfélagsins Fengs hf. um stofnun á félagi um rekstur Ávaxtahússins ehf. og Banana ehf.* hafi verið skilgreindur sérstakur markaður fyrir heildsölu á grænmeti og ávöxtum. Fyrir liggi að fjöldi fyrirtækja starfi á umræddum markaði, auk Banana, svo sem Mata og Innes, auk þess sem Costco, Krónan og Samkaup flytji sjálf inn grænmeti til endursölu í verslunum sínum. Þá segir að markaður fyrir heildsölu á ávöxtum og grænmeti hafi verið skilgreindur sem landið allt, sbr. ákvörðun nr. 38/2002.
5. Samkeppniseftirlitið hefur ekki í fyrri ákvörðunum skilgreint sérstaklega markaði fyrir ólíkar tegundir veitingastaða. Í ákvörðun nr. 4/2020, *Samruni FoodCo hf. og Gleðipinna ehf.*, kom fram að Samkeppniseftirlitið teldi rök fyrir því að skilgreina megi sérstaka markaði fyrir ólíkar tegundir veitingastaða ef málsatvik og aðstæður á markaðnum krefjist þess. Samkeppniseftirlitið taldi þó ekki þörf á því fyrir niðurstöðu málsins að taka endanlega afstöðu til þess hvort skilgreina ætti markaðinn fyrir veitinga- og skyndibitastaði í sérstaka undirmarkaði. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að taka afstöðu til þess hvort skilgreina eigi markaðinn fyrir veitinga- og skyndibitastaði í sérstaka undirmarkaði í þessu máli.
6. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru markaðir málsins annars vegar markaður fyrir rekstur veitingastaða á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri og nágrenni og hins vegar markaður fyrir heildsölu á ávöxtum og grænmeti á landinu öllu. Í ljósi niðurstöðu málsins er ekki þörf á því að

¹ Sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 29/2020, *Kaup N1 ehf. á rekstri og eignum fjögurra veitingastaða Skyrboozt ehf.* og ákvörðun nr. 4/2020, *Samruni FoodCo hf. og Gleðipinna ehf.*



taka frekari afmörkun landfræðilegs markaðar málsins eða staðbundin áhrif samrunans til nánari skoðunar.

7. Ljóst er að meginstarfsemi samrunaaðila fer ekki fram á sama markaði, enda störfuðu Hagar ekki á markaði fyrir veitinga- og skyndibitastaði fyrir samrunann. Þó eru ákveðin lóðrétt tengsl á milli samrunaaðila. Í tengslum við lóðrétt áhrif samrunans er vert að nefna að samkvæmt fyrrgreindri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 38/2002 gilda tiltekin skilyrði um starfsemi Banana sem sett voru í því skyni að efla samkeppni á markaði fyrir heildsölu á grænmeti og ávöxtum. Samkvæmt skilyrðunum er Bönunum m.a. í fyrsta lagi óheimilt að semja um tiltekið hlutfall af ávöxtum og grænmeti í vöruframboði verslana í eigu Haga sé keypt af Bönunum. Þá eru Hagar í öðru lagi skuldbundin til að kaupa grænmeti og ávexti af keppinautum Banana bjóði þeir umræddar vörur af sambærilegum gæðum og sambærilegum eða betri kjörum en Bananar geta boðið. Í þriðja lagi er Högum óheimilt að gera kröfu til Banana að verslanir í eigu Haga njóti annarra eða betri viðskiptakjara en aðrir viðskiptavinir Banana umfram það hagræði sem ætla megi að Bananar hafi af umfangi viðskiptanna. Í fjórða lagi er Bönunum óheimilt að starfa eftir samningum sem með beinum eða óbeinum hætti útiloka ákveðan viðskiptaaðila frá viðskiptum við félagið. Telur Samkeppniseftirlitið að með framangreindum skilyrðum, sem ennþá eru í fullu gildi, sé komið í veg fyrir skaðleg áhrif á markaði fyrir heildsölu á grænmeti og ávöxtum.
8. Ber að áréttta að eftir yfirtökuna muni framangreind skilyrði gilda um Djús og veitingastaði Lemon rétt eins og um Haga. Í því fellst m.a. að Djús er skuldbundið til að kaupa grænmeti og ávexti af keppinautum Banana bjóði þeir slíkar vörur af sambærilegum gæðum og sambærilegum eða betri kjörum en Bananar bjóða. Einnig er Djús óheimilt að gera kröfu til Banana um að veitingastaðir í þeirra í eigu njóti annarra eða betri viðskiptakjara en aðrir viðskiptavinir Banana umfram það hagræði sem ætla megi að Bananar hafi af umfangi viðskiptanna.
9. Líkt og fram kom að framan starfa samrunaaðilar að mestu á ótengdum mörkuðum. Með því að Djús falli undir sömu skilyrði og þegar gilda um starfsemi Haga og Banana er það mat Samkeppniseftirlitsins að samkeppnisleg áhrif samrunans séu óveruleg. Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni á markaði fyrir rekstur veitinga- og skyndibitastaða.

Ákvörðunarorð

„Kaup Haga hf. á 49% hlut í Djús ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson